

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	6.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávík er varðar tilkynningu um uppkeyrslu á ofni. Útistandandi eru þrjú eldri frávík þar sem rekstraraðili vinnur að úrbótum samkvæmt samþykktri áætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi PCC á Bakka. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frávika
- Besta aðgengilega tækni
- Samráðsfundur
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili fór stuttlega yfir stöðu rekstarins síðustu mánuði. Rætt var um stöðu úrbóta og framkvæmdir á lóðinni. Umhverfisstofnun mun óska eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna útistandandi frávika.

Eitt frávík kom fram við eftirlit, en PCC tilkynnti ekki um uppkeyrslu á ofni í janúar 2024, en ofninn hafði ekki verið í rekstri meirihluta ársins 2023.

Umhverfisstofnun óskaði eftir því við rekstraraðila að fá yfirlit um hvernig starfsemin uppfyllir niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni.

Farið var í skoðunarferð um hráefna- og geymslusvæði rekstraraðila og staðfest að þar hefur nokkuð áunnist við að koma skipulagi á svæðið og losa úrgang af svæðinu.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

gr. 1.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun þegar rekstur hefst. Upphaf rekstrar er þegar uppkeyrsla ofna hefst. Tilkynna skal Umhverfisstofnun, Norðurþingi og Slökkviliði Norðurþings um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur. Umhverfisstofnun barst ekki tilkynning um uppkeyrslu ofns sem hófst í janúar 2024.

ANNAÐ

Einnig voru viðstödd eftirlitið fyrir hönd PCC Steinþór Freyr Þorsteinsson og Þórunn Harðardóttir. Mættur var Jóhannes Haukur Hauksson fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.07.2024



Sigríður Magnúsdóttir

